

**Nd.**

**117. Frumvarp til laga**

[102. mál]

um breyting á lögum nr. 67 frá 20. apríl 1971, um almannatryggingar.

Flm.: Karvel Pálmason.

**1. gr.**

Upphaf 11. gr. laganna orðist svo:

Rétt til ellilífeyris eiga þeir, sem eru 67 ára eða eldri og hafa átt lögheimili hér á landi a. m. k. 3 almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs. Þó skulu þeir, sem gert hafa sjómennsku að ævistarfi og stundað sjómennsku í 35 ár eða lengur, öðlast fullan rétt til ellilífeyris, er þeir hafa náð sextugsaldri, og hafi maður stundað sjómennsku sem aðalstarf í 40 ár, á hann rétt á tvöföldum ellilífeyri, er hann hefur náð sextugu. Fullan ellilífeyri ber einnig að greiða ekkjum, er þær verða 60 ára.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Allt frá þeim tíma, að almannatryggingar hófu starfsemi sína hér á landi, hefur réttur til ellilífeyris verið bundinn við 67 ára aldur.

Þetta er þó engan veginn hið eina sjálfsagða aldursmark, sem miða beri við réttinn til ellilífeyris. Allt eins gæti komið til greina að hafa 65 ára aldursmark sem almenna reglu, ef það væri talið fjárhagslega mögulegt fyrir þjóðfélagið.

Það er heldur engan veginn sjálfgefið, að sama aldursmark eigi að gilda fyrir allar starfsstéttir, og má í því sambandi benda á, að víða erlendis hljóta t. d. námu-menn ellilífeyri mun fyrr en aðrar starfsstéttir.

Frumvarp sama efnis og hér er nú flutt var lagt fram á Alþingi árið 1970 og hlaut þá ekki afgreiðslu. Í frumvarpinu er lagt til að hin almenna regla um 67 ára aldursmark haldist óbreytt enn um sinn, en jafnframt gert ráð fyrir tveimur undantekningum frá þeirri almennu reglu.

Fyrri undantekningin felur í sér, að menn, sem gert hafa sjómennsku að ævistarfi og verið hafa 35 ár eða lengur á sjó, öðlist fullan rétt til ellilífeyris er þeir verða 60 ára. Þetta er hugsað sem sérstök viðurkenning af þjóðfélagsins hálfu til þeirra manna, sem allt frá æskuárum hafa stundað erfið og áhættusöm störf fjarri heimilum sínum við undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar, en þessir menn eru oftast orðnir slitnir menn þegar 50—55 ára aldrinum er náð. Um þá menn, sem starfað hafa 40 ár eða lengur á sjónum og frumvarpið gerir ráð fyrir að hljóti tvöfaldan ellilífeyri við 60 ára aldur, þarf vart að fara mörgum orðum, því að alkunna er að þeir eiga vissulega fárra kosta vól þegar á land er komið. Það er því einungis réttlát viðurkenning að þeir hljóti tvöfaldan ellilífeyri eftir slíkt ævistarf.

Síðari undantekningin frá almennu reglunni um 67 ára aldursmark varðar ekkjurnar. Þjóðfélagsstaða þeirra er þannig, að það er bæði réttmætt og nauðsynlegt að þjóðfélagið létti undir með þeim á einhvern hátt, þegar aldur færast yfir þær. Þær hafa hvorki mikla né margbreytilega möguleika á atvinnusviðinu þegar sextugsaldrinum er náð. Þess vegna þykir rétt að þær hljóti fullan ellilífeyri er þær hafa náð sextugsaldri.